

### **3. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, og lögum nr. 70 28. desember 1934, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Lagt fyrir alþingi 1937.)

1. gr.

Í stað ákvæðanna í 2. gr. laga nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum, og í 1. gr. laga nr. 70, 28. dec. 1934, um breyting á þeim lögum, komi svo hljóðandi ákvæði:

Fyrir tollvörutegundir, sem tilbúnar eru hér á landi, skal greiða gjald í rikis-sjóð, er miða skal við aðflutningsgjaldið á hverri tollvörutegund eftir tollögum þeim, er gilda hverju sinni, þannig:

1. Fyrir gosdrykki,  $\frac{1}{3}$  aðflutningsgjalds.
2. a. Fyrir öl, nema maltöl,  $\frac{1}{2}$  aðflutningsgjalds.  
b. Fyrir maltöl,  $\frac{1}{6}$  aðflutningsgjalds.
3. Fyrir óáfeng vin,  $\frac{1}{2}$  aðflutningsgjald.
4. Fyrir aldinsöft, límonaðisöft, litað sykurvatn með kjörnum og sams konar drykki, sem ætlaðir eru til drykkjar,  $\frac{1}{3}$  aðflutningsgjalds.
5. Fyrir tóbaksvindla og tóbaksvindlinga,  $\frac{1}{2}$  aðflutningsgjald.
6. Fyrir kaffibæti og kaffiliki,  $\frac{1}{3}$  aðflutningsgjalds.
7. Fyrir sætindi, svo sem brjóstsykur, karamellur, lakkris og lakkrísvörur, mótað sætt marsipan, sykraða ávexti, sætar brenndar möndlur, tyggigúmmi, átsúkkulaði, rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði (nýmjólkursúkkulaði), undanrennusúkkulaði, súkkulaðihúðað munngæti (t. d. kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði,

- marsipansúkkulaði, nágatsúkkulaði og konfekt), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði, möndlusúkkulaði, rjómasúkkulaðihúð og mjólkursúkkulaðihúð, kókosbollar, „negrakossa“ og rjómalengjur,  $\frac{1}{2}$  aðflutningsgjald.
8. Fyrir allar tegundir af breinu súkkulaði, t. d. suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og súkkulaðihúð, aðrar en þær, sem falla undir 7. tölulið þessarar greinar,  $\frac{1}{2}$  aðflutningsgjald.
- Verði ágreiningur um það, hvaða vörur skuli taldar og ekki taldar til framan-greindra tollflokkja, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðaúrskuð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Breytingar þær, sem samkvæmt frumvarpinu er ætlazt til að gerðar verði á lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum, leiða af breytingum, sem ætlazt er til að gerðar verði á ákvæðum tolllaganna, samkvæmt frumvarpi, sem lagt er fyrir þingið samtimis þessu frumvarpi, og nægir að vísa til greinargerðarinnar fyrir frumvarpinu að síðast greindum lögum og ástæðunum fyrir bráðabirgðalögum, sem lögð eru fyrir sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

#### Fylgiskjal.

#### Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, og lögum nr. 70 28. dec. 1934, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenhorg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Fjármálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að kveða þurfi nánara á um ákvæði í lögum nr. 50 31. maí 1927, og lögum nr. 70 28. dec. 1934, um breytingar á þeim lögum, til þess að koma í veg fyrir ágreining um, hvort téð ákvæði beri framvegis að skilja á sama hátt sem hingað til hefir verið gert við framkvæmd nefndra laga. Með því að svo er ástatt, teljum Vér nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskráinnar 18. maí 1920.

Því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Í stað ákvæðanna í 2. gr. laga nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum, og í 1. gr. laga nr. 70 28. dec. 1934, um breyting á þeim lögum, komi svo hljóðandi ákvæði:

Fyrir tollvörutegundir, sem tilbúnar eru hér á landi, skal greiða gjald í ríkissjóð, er miða skal við aðflutningsgjaldið á hverri tollvörutegund, eftir tollögum þeim, er gilda hverju sinni, þannig:

- Fyrir tóhaksvindla og vindlinga,  $\frac{1}{2}$  aðflutningsgjald.
- Fyrir brjóstsykur, konfekt og súkkulaði,  $\frac{1}{2}$  aðflutningsgjald.
- Fyrir kaffibæti,  $\frac{1}{3}$  aðflutningsgjalds.
- Fyrir óafeng vin,  $\frac{1}{2}$  aðflutningsgjald.
- Fyrir ávaxtasafa og ávaxtasafalíki, svo sem lítað sykurvatn með kjörnum, öl, annað en maltöl, limonaði og aðra sams konar drykki, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, svo og sóðavatn,  $\frac{1}{3}$  aðflutningsgjalds.

f. Fyrir maltöl,  $\frac{1}{6}$  aðflutningsgjalds.

Verði ágreiningur um flokkun í framangreinda tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Sorgenfríhöll, 25 september 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*